

Ed.

**231. Frumvarp**

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 2. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum.

## 2. gr.

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykkt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþykktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til ihugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþykktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum og mótak eiga, eða umráð hafa yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

## 3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir eigi náð  $\frac{2}{3}$  atkvæða á samþykktarfundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

## 4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

## 5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

## 6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir frá 5–50 kr., og skal í samþykktinni ákveðð, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

## 7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.